

AUGLÝSING

um frestun á fundum Alþingis.

Samkvæmt tillögu forsætisráðherra hefur forseti Íslands gefið út svofellt bréf um frestun á fundum Alþingis:

„FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt:

Að ég, að tilskildu samþykki Alþingis, veiti forsætisráðherra umboð til þess að fresta fundum Alþingis, 146. löggjafarþings, frá 22. desember 2016 eða síðar, ef nauðsyn krefur, til 24. janúar 2017.

Gjört á Bessastöðum, 22. desember 2016.

Guðni Th. Jóhannesson.
(L. S.)

Sigurður Ingi Jóhannsson.“

Alþingi samþykkti hinn 22. desember 2016 ályktun um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 1. mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar. Samkvæmt framangreindu umboði og með skírskotun til samþykkis Alþingis var fundum Alþingis, 146. löggjafarþings, frestað hinn 22. desember 2016.

Forsætisráðuneytinu, 23. desember 2016.

F. h. r.
Ágúst Geir Ágústsson.

Anna Elísabeth Gísladóttir.